

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata

Reykjavík, 15. október 2019

Varðandi úrbótaáætlun Reykjavíkurborgar vegna skýrslu Þjóðskjalasafns Íslands um Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í bréfi Þjóðskjalasafns Íslands frá 18. desember 2018 til Reykjavíkurborgar, um niðurstöðu eftirlitskönnunar safnsins 2017 á starfsemi héraðsskjalasafna, þ.e.a.s. þeim hluta er fjallar um starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur, er óskað eftir að rekstaraðilar safnsins bregðist við athugasemdum um starfsemina og sendi Þjóðskjalasafni tímasetta áætlun um hvernig staðið verði að úrbótum fyrir 31. október 2019.

Í framhaldinu af bréfinu vill Borgarskjalasafn leggja fram meðfylgjandi tímasetta úrbótaáætlun til kynningar í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði. Úrbótaáætluninni er ætlað að bregðast við og bæta úr þeim atriðum sem Þjóðskjalasafnið gerir athugasemdir við í skýrslu sinni.

Úrbótaáætlunin er háð því að Borgarskjalasafni sé tryggt fjármagn og þau aðföng sem nauðsynleg eru til að safnið geti brugðist við alvarlegustu athugasemdum Þjóðskjalasafns og haga starfsemi sinni þannig að hún uppfylli lög og reglur um starfsemi héraðsskjalasafna.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Bogadóttir
borgarskjalavörður